

11. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

15. maí 2020 kl. 13.00

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Maja Vilstrup, fulltrúi foreldraráðs og Valdís Magnúsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

FUNDARSTAÐUR: FÉLAGSHEIMILI HRUNAMANNA

DAGSKRÁ:

1. Covid-19, aðgerðir, staða og áhrif
 2. Skóladagatal
 3. Foreldrakönnun
 4. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi
- a. Gátlisti, töluliðir 12 og 13

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Covid-19 aðgerðir, staða og áhrif

Leikskólastjóri fór yfir hvernig starfi skólans hefur verið háttað vegna faraldursins. Öll börn eru nú í leikskólanum. Allt hefur gengið vel og stuðningur við aðgerðirnar og skipulagið í skólanum hefur verið mikill og góður.

Skólanefnd þakkar fyrir samantektina og lýsir yfir mikilli ánægju með störf og úrræðasemi starfsfólks leikskólans við þessar erfiðu kringumstæðum.

2. Skóladagatal

Leikskólastjóri lagði fram skóladagatal leikskólans fyrir 2020-2021. Málið rætt. Skólanefnd samþykkir dagtalið, með áorðnum breytingum.

3. Foreldrakönnun

Leikskólastjóri fór yfir helstu niðurstöður foreldrakönnunar sem unnin var fyrir leikskólann. Niðurstöðurnar eru jákvæðar og virka sem góð hvatning til áframhaldandi starfa.

4. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

- a. Gátlisti, töluliðir 12 og 13. Samþykkt að tala framangreinda liði fyrir á næsta fundi.

Næsti fundur ákveðinn í lok ágúst.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40.

Hrunamannahreppur

Valdís Magnúsdóttir
Maja Vilstrup
Ingibjörg Baldursdóttir
Elsa Ingjaldsdóttir